

**59. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn sem fjarfundur í gegnum Teams, 17. desember 2020 og hófst hann  
kl. 15:30.**

**Fundinn sátu:**

Íða Marsibili Jónsdóttir (IMJ) , Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) , Lilja Magnúsdóttir (LM) , Þórkátla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ) , Ásgeir Sveinsson (ÁSV) , Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Rebekka Hilmarsdóttir (RH).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Inga Hlín Valdimarsdóttir, forstöðumaður Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti, tók þátt í fundinum í umræðum um mál nr. 4 og 5.

**Dagskrá:**

**1. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar. - 2001118**

Umræður um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar á sunnanverðum Vestfjörðum.

*Samþykkt að óska eftir sameiginlegum fundi sveitarfélaganna með Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra vegna vetrarþjónustu- og samgöngumála á sunnanverðum Vestfjörðum. Framkvæmdastjórum sveitarfélaganna falið að óska eftir slíkum fundi.*

**2. Samgöngur Ferjan Baldur - 2011294**

Tölvupóstur frá Vegagerðinni dags. 07.12.2020 varðandi aukaferðir ferjunnar Baldurs.

*Nefndin telur rétt að horft sé til þess að fjölga þeim ferðum sem eru til úthlutunar úr sérstökum pottum og þannig komið til móts við þá þörf sem er til staðar til að fjölga ferðum ferjunnar Baldurs yfir Breiðafjörð. Þá áréttar nefndin að það er ekki skilgreint hlutverk sveitarfélaga að tryggja að samgöngur á milli landshluta séu í lagi. Það er hlutverk ríkisins og því nauðsynlegt að ríkisvaldið leggi til það fé sem þarf til að tryggja þá ferjuþjónustu sem nauðsynleg er.*

**3. Almenningsamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum. - 2011264**

Umræður um almenningsamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum og væntanlegt tilraunaverkefni vegna þeirra.

*R.H. og Ó.Þ.Ó. gerðu grein fyrir stöðu þróunarverkefnis vegna almenningsamgangna.*

**4. Starfsemi Minjasafnsins Egils Ólafssonar - 2009312**

Umræður um málefni Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti.

*Formanni samráðsnefndar ásamt sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps falið að ganga frá tímabundnum breytingum vegna starfsmannamála í samráði forstöðumann safnsins.*

**5. Byggðasafnið á Hnjóti, lóðamál. - 2012422**

Tölvupóstur frá Guðbjarti Á. Ólafssyni dags. 28.10.2020 vaðrandi lóðamál Byggðasafnsins á Hnjóti. Jafnframt er lagt fram bréf frá landeigendum Hnjóts frá því í desember 2019 ásamt lóðauppdrætti.

*Lagt fram til kynningar og rætt. Nefndin telur sig ekki geta tekið afstöðu í málinu út frá*

*þeim forsendum sem fyrir liggja.*

**6. Slökkvilið og sjúkraflutningar - 2007077**

Umræður um tímasetningu á kynningarfundum vegna skýrslu Ráðríkrar um slökkvilið og sjúkraflutninga.

*Nefndin telur rétt að fram fari sameiginlegur kynningarfundur fyrir báðar sveitarstjórnirnar vegna skýrslunnar og að hann verði í febrúar 2021.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.16:50 .**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____